

Reykjavík, 12. 04. 2023

Til eigenda og stjórnarmanna OR.

Efni: Fundarboð á aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur 2023

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur verður haldinn miðvikudaginn 26. apríl 2022 kl. 13:00. Fundurinn verður haldinn að Bæjarhálsi 1.

Dagskrá aðalfundar OR:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi OR síðastliðið starfsár.
2. Ársskýrsla um umhverfismál, samfélagsmál, stjórnhætti og fjárhag OR 2022.
3. Ársreikningur OR 2022 ásamt skýrslu ytri endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda OR og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
6. Lýsingu á kjöri stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Umræður um önnur mál, löglega upp borin.

Samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings OR er aðalfundur opinn kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda og fjölmiðlum. Tillögu- og atkvæðisrétt á aðalfundi hafa handhafar eigendavalds OR. Málfrelsi á aðalfundi hafa fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda, stjórn OR, forstjóri, endurskoðendur OR og eigenda og formaður Starfsmannafélags OR.

Samkvæmt 6. gr. sameignarsamnings OR skal stjórn OR skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi OR á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Sveitarstjórnir skulu skv. framangreindu hafa gengið frá kjöri stjórnar fyrir aðalfund, sbr. 6. lið dagskrár aðalfundar.

Virðingarfyllst,**Gylfi Magnússon,**
stjórnarformaður